

Sp.

113. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu ljósvita á Æðey við Ísafjarðardjúp og á Sléttueyri í Jökulfjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að heita sér fyrir því, að þegar á næsta sumri verði hafizt handa um byggingu fyrirhugaðra ljósvita á Æðey við Ísafjarðardjúp og á Sléttueyri í Jökulfjörðum. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni fé úr ríkissjóði til þessara framkvæmda.

G r e i n a r g e r ð .

Í vitalögum er gert ráð fyrir, að vitar verði byggðir á báðum þeim stöðum, er greinir í tillögu þessari, Æðey við Ísafjarðardjúp og Sléttueyri í Jökulfjörðum, er ganga norður úr Ísafjarðardjúpi.

Bygging ljósvita á þessum stöðum er aðkallandi nauðsyn. Fjöldi lítilla vélbáta stundar fiskveiðar á sjálfu Ísafjarðardjúpi á öllum vertíðum. Enginn viti eða leiðarljós er hins vegar um miðbik Djúpsins eða við það innanvert. Við utanvert Djúp eru hins vegar vitarnir á Arnarnesi og Óshólum í Bolungavík, sem þó ekki eru einhlitir.

Með vita á Æðeyjarkletti væri skapað stórnikið öryggi fyrir þá sjómenn, er veiðar standa í Djúpinu. Á það má einnig benda í þessu sambandi, að nær allar sangöngur héraðsins fara fram sjóleiðis um Djúpið vetur sem sumar. Eru þessar ferðir um Djúpið oft all-slarksamar á vetrum í hriðarbyljum og dimmviðrum. Þessum mikilsverðu sangöngum Djúpmanna væri mikil stoð að ljósvita á Æðey.

Mjög svipuð rök hníga að nauðsyn vitabyggingar í Jökulfjörðum. Sjór er þar sóttur á flestum vertíðum frá verstöðvum, er að fjörðunum liggja, og oft víðar að. Ljósviti á Sléttueyri yrði ekki aðeins útgerðinni í smáverstöðvunum í Jökulfjörðum til stóraukins öryggis, heldur og öllum þeim, sem leið sína leggja um utanvert Ísafjarðardjúp.

Þing- og héraðsmálafundir og héraðsþing Norður-Ísfirðinga hafa hvað eftir annað samþykkt áskoranir til Alþingis um að veita fé til byggingar ljósvita á þessum stöðum. Til þessa hafa þó sjómenn við Djúp orðið að búa við það öryggisleysi, sem leiðir af drættinum á þessum nauðsynlegu framkvæmdum.

Það er tilgangur flm. með þáttill. þessari að fá úr því skorið, hvert hlutskipti sjómanna við Djúp á að verða í þessum efnum framvegis.